



Bæjarlind 7-9 Glaðheimahverfi, Kópavogi

6 hæða fjölbýlishús auk kjallara og bílageymslu, alls 42 íbúðir

Skilalýsing

16.nóvember 2017

Skilalýsing : Bæjarlind 7-9

Byggingaraðili:	MótX ehf., kt. 660505-2100, Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur
Aðalverktaki:	MótX ehf., 660505-2100, Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur
Arkitekt:	Björn Skaptason
Burðarþolshönnun:	Haukur Ásgeirsson
Lagnahönnun:	Haukur Ásgeirsson
Raflagnahönnun:	Helgi í Lúmex
Lóðahönnun:	Björn Skaptason

Almennt um Bæjarlind 7-9

Fjölbýlishúsið að Bæjarlind 7-9 er 6 hæða auk kjallara með 42 íbúðum, tveimur stigagöngum auk lyftu og lokuðu bílskýli.

Í kjallara eru einkageymslu fyrir hverja íbúð og sameiginlegri hjóla- og vagnageymslu.

Á 1., 2., 3., 4 og 5. hæð eru íbúðir.

Á 6. hæð eru 2 penthouseíbúðir.

Frágangur íbúða

Húsið er staðsteypt. Útveggir einangraðir og klæddir að utan með áklæðningu. Kjallaraveggir og kaldir veggir eru filteraðir. Léttir milliveggir eru klæddir með tvennu lagi af gifsplötum á grind. Veggir og loft verða spörtluð, grunnuð og máluð með tveimur yfirferðum af plastmálningu með gljástigi 10. auk fataskápa í herbergjum og forstofu eru af vandaðri gerð frá Axis.

Steinplötur eru í eldhúsi og á baði, en borðplötur í þvottahúsi og sólbekkir eru plastlagðar í ljósum lit.

Eldhús

Eldhúsinnrétting er sérsmíðuð af vandaðri gerð frá Axis. Spónninn heitir Mokka og liggur láréttur í innréttingum. Efri skapar eru með hvítum hurðum úr efni sem heitir Perfect Sense. Ljósakappi er undir efri skapum með díóðuljósum. Skúffur eru vandaðar með Innotech hliðum/brautum, fullútdraganlegar með mjúklokun. Hurðir eru einnig með mjúklokun. Borðplötur eru frá S. Helgasyni. Hæð innrettingar 2470 mm. Vaskur og blöndunartæki frá Tengi. Helluborð, blástursofn og gufugleypir eru úr stáli af gerðinni AEG frá Ormsson ehf (sjá nánar hjá Ormsson ehf)

Baðherbergi

Baðinnrétting kemur frá Axis. Spónninn heitir Mokka og liggur láréttur í innréttingum. Efri skapar eru með hvítum hurðum úr efni sem heitir Perfect Sense. Skúffur eru vandaðar með Innotech hliðum/brautum, fullútdraganlegar með mjúkklokun. Hurðir eru einnig með mjúkklokun. Borðplötur eru frá S. Helgasyni. Hreinlætistæki og handklæðaofn eru frá Tengi. Salernið er upphengt og innbyggt. Hitastýrð blöndunartæki verða við sturtu. Gólf eru flísalögð og hluti veggja í u.þ.b. 2 metra hæð.

Þvottahús

Gólf er flísalagt í þvottahúsi. Borðplata með stálvaski og blöndunartæki frá Tengi.

Fataskápar

Eru frá Axis. Spónninn heitir Mokka og liggur láréttur í innréttingum. Innvols er sambland af Innotech skúffum, Pelly grindum, hillum og fataslám. Hurðir eru með mjúkklokun.

Ofnakerfi og gólfhiti:

Sameiginlegt ofnakerfi er í öllu húsinu og verður því skilað fullbúnu samkvæmt teikningu. Gólfhiti verður í penthouseíbúðum.

Rafmagn

Rafmagnskerfi verður fullfrágengið samkvæmt teikningu. Litur tengla og rofa verður hvítur og verða þeir af viðurkenndri gerð. Reykskynjari verður í hverri íbúð.

Einkageymslur

Steypt loft, veggir og gólf eru slípuð og máluð. Léttir veggir málaðir. Hillur fylgja ekki. Timburverandir verða með íbúðum á fyrstu hæð.

Frágangur sameignar

Anddyri/stigahús er lokað og er það flísalagt að hluta með uppsettum póstkössum. Stigar og stigapallar eru teppalagðir og með handriðum. Allar útidyrhurðir frágengnar. Sameign er upphituð með ofnakerfi. Raflagnir í sameign eru fullbúnar með ljósakúplum, sbr. teikningar. Ljós eru frágengin á svalagöngum og utanhúss. Loftræstilagnir eru lagðar skv. teikningu. Lyfta er skv. teikningum og reglugerð.

Frágangur utanhúss

Útveggir eru staðsteyptir og verða þeir einangraðir og klæddir að mestum hluta fyrir utan kjallaraveggi og kalda veggj sem verða filtmúraðir og málaðir. Þak er einangrað og klætt með þakdúk. Svalagangar eru opnir með handriði skv. teikningum arkitekts. Veggir á svalagöngum eru með sömu áferð og útveggir hússins. Svalagólf sameignar eru slípuð og frágengin. Svalir íbúða skilast með handriði og hellulögðum gólfum. Íbúðir á jarðhæð skilast með sólpalli. Gluggar og útihurðir eru úr áklæddu timbri frá BYKO og eru skv. teikningum arkitekts. Allt gler í húsinu er tvöfalt K-gler og opnanleg fög eru topphengd. Lóðin er tilbúin samkvæmt leiðbeinandi teikningum landslagsarkitekts.

Bílageymsla

Bílageymslan er lokuð með stæði fyrir 29 bíla. Bílageymslan er með læstu aðgengi, sjálfvirkum opnunarbúnaði og fylgir fjarstýring með. Penthouseíbúðum fylgja tvö stæði í bílageymslu. Eitt stæði fylgir hverri íbúð í bílageymslu nema fyrir íbúðir í Bæjarlind 7 101, 102, 103, 104, 201, 202, 204 og Bæjarlind 9 101, 102, 103, 104, 201, 202, 203, 204, þar sem bílastæði verður ofan bílageymslu. Ofan á bílageymslunni verða því bílastæði fyrir 27 bíla. Neðan við hús verða bílastæði fyrir 14 bíla.

ALLAR BREYTINGAR Á ÍBÚÐINNI SJÁLFRI OG EINSTAKA HLUTUM Í HENNI, AÐ ÓSK KAUPANDA, ER Á HANS KOSTNAÐ OG GETUR HAFT ÁHRIF Á AFHENDINGARTÍMA TIL SEINKUNAR.

Byggingaraðili : MótX ehf. (www.motx.is)
Aðalverktaki: MótX ehf.
Jarðvinna: Loftorka Reykjavík ehf.
Raflagnir: Elektrus ehf.
Pípulagnir: Heild ehf.
Múrarameistari: Grétar Sölvason
Málarameistari : Litalínan ehf.
Flísalagnir : Múrþjónusta Helga Þorsteins ehf.



heimili
fasteignasala
– á traustum grunni